

Höfundar Ellen Magnúsdóttir,
Árni Ásgeirsson og Jón Einar Jónsson

Litmerkingar á æðarfugli á Breiðafirði

Æðarfugl (*Somateria mollissima*) er algengasti andfugl Íslands og talið er að um 20% heimsstofnsins lifi á Íslandi.¹ Stærð íslenska varpstofnsins var áætluð 250–300.000 pör 1994, flest talin verpa á vestanverðu landinu.^{2,3} Stofnstærð að hausti er talin vera 800–900.000 fuglar.⁴ Elsti æðarfugl skv. Euring var tæplega 38 ára þegar hann endurheimtist⁵ en sá elsti sem hefur endurheimst á Íslandi var rúmlega 25 ára.⁶

Æðarmerkingar Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi hófust 2014 þegar 38 kollur voru merktar í Landey og Hjallsey við Stykkishólm. Árið eftir voru merkingaeyjarnar orðnar 12 og svo 28 sumarið 2017. Á annað hundrað kollur eru nýmerktar árlega ásamt fjölda endurheimta. Allar eyjar í þessu verkefni eru innan 15 km frá Stykkishólmi. Talið er að ekki færri en 20 þúsund æðarkollur verpi á Breiðafirði, sem er lágmarkstala á fjölda varppara.⁷

Varp æðarfugls hefst í byrjun maí en æðarkollur hefja varp 2–3 ára og því er hægt að áætla að kollur fangaðar á hreiðri séu að minnsta kosti það gamlar.^{3,8} Við merkingar er notast við snörustöng og kollurnar merktar á fótum með stálmerki og litmerki, vigtaðar, mældar og ljósmyndaðar. Eggjin eru talin og vatnsprófuð til að reikna upphafsdagsetningu varps.⁹

Fyrsta árið var aðeins notast við stálmerki og stafalusa hvíta plastringir með áfastan hnattstödurita. Settir hafa verið út 178 hnattstöduritar á tímabilinu 2014–2018 og 107 verið endurheimtir. Þetta er samstarfsverkefni Íslands og Noregs (SEATRACK) og felur í sér að kortleggja vetrarstöðvar og farleiðir 11 sjófuglategunda. Frá og með 2015 hafa æðarfuglar síðan fengið litmerkti með einstaklingsstöfum og hver eyja eða svæði hefur sinn lit (sjá töflu). Þannig má til dæmis sjá að fugl merktur með hvítu merki með stöfunum A1 í svörtum lit er merktur í Landey.

Eitt af hlutverkum verkefnisins er að meta tilfærslu hreiðra á milli ára. Æðarkollur sýna varpstöðvum sínum almennt



Æðarkolla, merkt í ... ? Mynd: Ellen Magnúsdóttir

tryggð.¹⁰ Finnisk rannsókn sýndi fram á að sjaldgæft væri að æðarkollur völdu nýtt hreiðurstæði lengra en 20 metra frá hreiðurstæði fyrra árs. Færsla úr einni eyju yfir í aðra var einnig fátíð.¹¹ Talningar á hreiðrum á Breiðafirði og frumniðurstöður þessa verkefnis virðast þó benda til að einhverjar færslur eigi sér stað á milli eyja.^{12,13}

Ákveðnir þættir geta haft áhrif á hreiðurstæðaval æðarkolla en eyjarnar sem merkt er í eru ólíkar hvað varðar fjölda afræningja, gróðurfar, truflun manna og varp annarra fugla. Eyjar nær landi eru síðan líklegri til þess að vera ásóttar af mink. Gróðurfar er mismunandi, lyngmóar eru t.d. ríkjandi í sumum eyjum en í öðrum er einsleitara gróðurfar. Til dæmis eru sumar eyjar þaktar háum gróðri meðan lággróður er ríkjandi í öðrum. Viðvera annarra fugla gæti einnig haft áhrif en til að mynda eru sum æðarvörp beint eða óbeint varin af öðrum fuglum. Allt þetta hefur áhrif á hvernig gengur að fanga kollurnar á



Litmerki, eins og þau sem notast er við í verkefninu. Mynd: Ellen Magnúsdóttir

hreiðri en staðarþekking heimamanna hefur hjálpað mikið til. Þar ber helst að nefna að eigandi Rifgirðinga hóf að taka virkan þátt í verkefninu 2017 og með hans framlagi jukust merkingar í Rifgirðingum um 45% frá fyrra ári.

Frá árinu 2014 hafa 881 kollur verið nýmerktar og 469 kollur endurheimtar, annað hvort aftur á hreiðri eða merkin lesin af ljósmyndum teknum þegar þær flugu af hreiðrum. Myndavélar (í okkar tilfalli Canon 70D með 400mm linsu) hafa reynst drjúgar við álestur merktra fugla. Hlutfall endurheimta með ljósmyndum á varptíma árin 2016 og 2017 voru þriðjungur allra endurheimta.

Svo virðist að meirihluti æðarkolla haldi tryggð við fyrri varpstaði en þó hafa yfir 20 kollur þegar endurheimst í öðrum eyjum. Árið 2016 höfðu 4 kollur skipt um eyju sem er 3% af endurheimtum og 14 kollur ári síðar sem er 7%. Meirihluti tilfærslna var á milli nærliggjandi eyja en þó varð vart við

Litmerkingar á æðarfugli á Breiðafirði 2014–2018

Eyja	Litur merkis / litur stafa	Byrjað að merkja	Fjöldi merktra fugla
Bildsey	Bleikur / hvítur	2017	51
Elliðaey	Appelsínugulur / svartur	2015	70
Gimburey	Rauður / hvítur	2017	4
Hjallsey	Svartur / hvítur	2014	40
Höskuldsey	Gylltur / rauður	2016	21
Landey	Hvítur / svartur	2014	319
Rifgirðingar (17 eyjar)	Blár / hvítur	2015	109
Sellátur	Grænn / hvítur	2015	96
Stakksey	Gulur / svartur	2015	65
Þormóðsey	Hvítur / rauður	2017	53
Þorvaldsey	Appelsínugulur / hvítur	2015	53

um 8 km tilfærslu þar sem æðarkolla nýmerkt í Elliðaey 2015 var endurheimt í Stakksey 2017.

Til gamans má geta að tveir æðarblikar hafa einnig verið merktir en óvenjulegt er að ná þeim í varpi. Annar náðist í Landey þar sem hann sat rólegur hjá einni kolla á hreiðri, sá fékk hvítt merki með svörtum stöfum. Hinn náðist í Sellátri en sá var flæktur í girni en óskaddaður. Hann var losaður úr flækjunni og fékk rautt merki með hvítum stöfum. Báðir blikarnir sáust aftur 2018 og var Landeyjarblikinn með sömu kolla og árið áður og við sama hreiður.

Áhugamenn, fuglaskoðarar og æðarbændur geta orðið okkur að liði með því að líta eftir merktum æðarfuglum

allan ársins hring. Fyrstu niðurstöður úr SEATRACK verkefninu gefa til kynna að æðarfuglarnir úr Breiðafirðinum haldi til allt frá Reykjanesskaga og vestur um landið að Hrutáfirði og því um að gera að vera sérstaklega vakandi fyrir litmerktum fuglum á þessum slóðum. Sum ár safnast saman utan varptíma stórir hópar æðarfugla við Akranes, Njarðvíkurfitjar og Helgúvík. Merkin sjást helst af stuttu færi á sundi eða þegar fuglarnir standa á landi. Það hefur mikla þýðingu fyrir verkefnið að fá endurheimtur, sérstaklega með ljósmyndum. Hvetjum við fólk því að vera með augun opin fyrir merktum æðarfuglum og að tilkynna þá til okkar á netfangið joneinar@hi.is.



Æðarkollan H8 í Stakksey ... ? Mynd: Ellen Magnúsdóttir

Heimildir

1. Wetland international. 2012. Waterbird Population Estimates, Fifth Edition. Summary Report. Wetlands International, Wagen, The Netherlands.
2. Kristinn Haukur Skarphéðinsson. 1994. Tjón af völdum arna í æðarvörpum. Skýrsla unnin af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir umhverfisráðuneytið. 120 bls.
3. Evar Petersen & Karl Skírnisson. 2001. Lifnaðarhættir æðarfugla á Íslandi. Bls. 13–46 í Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi (ritstj. Jónas Jónsson). Mál og Mynd, Reykjavík.
4. Arnþór Garðarsson. 2009. Fjöldi æðarfugls, hávellu, toppandar og stökkandar á grunnsvævi að vetri. Bliki 30: 49–54.
5. Fransson et al. (2010). TitleEURING list of longevity records for European birds. <https://euring.org/data-and-codes/longevity-list>
6. Fuglamerkingar 2016. (2016). Sótt 7.mars 2018 af www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/isrs_fuglamerkingar2016.pdf.
7. Jón Einar Jónsson & Árni Ásgeirsson. 2015. Ekki færri en 20 þúsund kollur verpa í Breiðafirði. Breiðfirðingur 63: 131–133.
8. Waltho, C., Coulson, J. (2015) The common eider. T & AD Poyser, London
9. Walter, S. E. & Rusch, D. H. 1997. Accuracy of egg flotation in determining age of Canada goose nests. Wildlife Society Bulletin. 25: 854–857.
10. Tiedemann, R., von Kistowski, K.G. & Noer, H. 1999. On sex-specific dispersal and mating tactics in the common eider *Somateria mollissima* as inferred from the genetic structure of breeding colonies. Behaviour 136: 1145–1155.
11. Öst, M., Lehtikoinen, A., Jaatinen, K. & Kilpi, M. 2011. Causes and consequences of fine-scale breeding dispersal in a female-philopatric species. Oecologia 166: 327–336.
12. Jón Einar Jónsson, Evar Petersen, Arnþór Garðarsson og Tómas G. Gunnarsson (2009). Population overview of eider ducks. Æðarendur: Ástand og stjórnun stofna. Náttúrufræðingurinn 78 (1-2): 46–56 2009.
13. Jón Einar Jónsson, Arnþór Garðarsson, Jenny G. Gill, Una K. Pétursdóttir, Evar Petersen & Tómas G. Gunnarsson. 2013. Relationships between long-term demography and weather in a sub-arctic population of common eider. Plos One June 2013, Volume 8, Issue 6, e67093.